



*Hjúkrunarheimilið
Skógarbær*



Hagnýtar upplýsingar



Hjúkrunarheimilið Skógarbæ.

Skógarbær er sjálfseignarstofnun og stofnuð af Reykjavíkurborg, Reykjavíkurseild Rauðakross Íslands, og stéttarfélagunum Dagsbrún, Framsókn og Sókn, sem í dag er Efling.

Hjúkrunarheimilið tók formlega til starfa 20. maí 1997.

Skógarbær er rekinn á daggjöldum frá ríkinu og eru daggjöld metin árlega í samræmi við hjúkrunarþyngd sem fæst úr niðurstöðum RAI mælinga (raunverulegur aðbúnaður íbúanna).



Stjórn.

Í Skógarbæ er fimm manna stjórn:

- Sigurveig H. Sigurðardóttir formaður, RRKÍ.
- Benedikt Geirsson varaformaður, Reykjavíkurborg.
- Hjálmfríður Þórðardóttir, Eflingu.
- Fulltrúi frá Reykjavíkurborg.
- Stefán Yngvason, RRKÍ.

Fundi stjórnar sitja jafnframt:

Hrefna Sigurðardóttir forstjóri.

Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri.

Jón Eyjólfur Jónsson yfirlæknir.

Herbergi.

Í Skógarbæ eru bæði einbýli og tvíbýli. Herbergjunum fylgja rafdrifin sjúkrarúm, náttborð og gluggatjöld úr sérstöku eldvarnarefni. Hjúkrunarkallkerfi er til staðar við hvert rúm. Hægt er að hafa hjá sér síma, tölvu og sjónvarp en greiða verður sérstaklega fyrir það. Einnig er hægt að hafa með sér persónulega muni eins og hægindastól, borð, kommóðu eða hillu. Gæta þarf þess að fylla ekki rými herbergis svo mikið að það valdi erfiðleikum við að komast um og torveldi hjúkrun.

Hjúkrunarheimilið leggur til sæng, kotta, rúmfatnað og handklæði, en heimilt er að koma með sæng og kotta. Einnig er gott að hafa með sér rúmteppi og værdarvöð.

Fatnaður.

Heimilismenn hafa með sér föt til skiptanna sem þeir kjósa, eins og náttföt, slopp, spariklæðnað og annan fatnað til útivistar. Skógarbær sér fyrir nærfötum sé þess óskað. Skógarbær annast þvott á einkafatnaði (án ábyrgðar) undanþegið er þó það sem þarf að handþvo eða hreinsa. Eftirlit með einkafatnaði er í höndum aðstandenda, en þvottahús Skógarbæjar sér um að merkja fatnað með sérstöku fatanúmeri. Fyrir hátíðir er gott að eiga hrein spariföt. Góðir inni- og útiskór eru mikilvægir.

Íbúar leggja sjálfir til áhöld og vörur til persónulegra nota, eins og tannbursta, tannkrem, snyrtiáhöld, rakáhöld, sjampó og aðrar snyrtivörur. Skógarbær sér íbúum fyrir lyfjum og hjúkrunarvörum eftir þörfum hvers og eins.

Hjúkrun.

Kjarni hjúkrunar er umhyggja fyrir einstaklingnum og fjölskyldu hans. Markmið hennar er að veita hverjum einstaklingi hjúkrun sem hæfir hverju sinni á faglegan og ábyrgan hátt. Í umönnun felst heildræn umönnun sjúklings þar sem markmiðið er að stuðla að lífsgæðum og viðhalda færni út frá líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum einstaklingsins.

Öll umönnun miðast við að þeir einstaklingar, sem hér dvelja, haldi reisu sinni þrátt fyrir veikindi og fötlun. Sjálfsfákvörðunarréttur einstaklingsins er virtur og haft er samráð við ættingja um velferð þeirra sjúklinga sem hér dvelja.

Áhersla er lögð á virðingu fyrir einstaklingnum og alúðlega framkomu alls starfsfólks við sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Hjúkrunardeildir.

Í Skógarbæ eru sex hjúkrunardeildir:



I hæð.

- Austurbær, 17 rúm, almenn hjúkrunardeild.
- Brekkubær, 11 rúm, hjúkrunar- og endurhæfingardeild ætluð einstaklingum yngri en 67 ára með varanlega fötlun.

II hæð.

- Hólabær, 17 rúm, almenn hjúkrunardeild.
- Heiðabær, 15 rúm, ætluð sjúklingum með minnis-sjúkdóma

III hæð.

- Efstibær, 8 rúm, ætluð sjúklingum með minnissjúkdóma.
- Vesturbær, 13 rúm, ætluð sjúklingum með minnissjúkdóma.

Fastar máltíðir.

Máltíðir eru fimm yfir daginn.

Morgunmatur er frá kl. 09.00-10.00

Hádegismatur er frá kl. 12.30-13.00

Síðdegiskaffi er frá kl. 15.00-16.00

Kvöldmatur er frá kl. 18.30-19.30

Kvöldhressing er frá kl. 20.30-22.30



Í hádeginu er heitur matur sem er aðkeyptur frá Sláturfélagi Suðurlands. Á kvöldin er boðið uppá heitan mat fimm kvöld vikunnar, en súpu og brauð tvö kvöld. Þeir sem eru á maukfæði fá alltaf heitan mat.



Vinnustofa.

Vinnustofa er opin alla virka daga frá kl.09.00-16.00 mánudaga til föstudaga. Þar er málað, prjónað, lesið úr blöðum, bakaðar vöflur og drukkið kaffi. Einnig er margt annað í boði bæði á vinnustofu og á deildum.



Sjúkraþjálfun.

Sjúkraþjálfun er opin alla virka daga vikunnar frá kl. 08:30 til 15:30 nema föstudaga þá er opið til kl.12.

Boðið er upp á þjálfun í tækjasal, gönguæfingar, bakstrameðferðir, hópleikfimi og fl. Sjúkraþjálfari sér um að útvega hjálpartæki svo sem hjólastóla, göngugrindur, stuðningssockka og önnur hjálpartæki.

Læknisþjónusta.

Læknar Skógarbæjar hafa fasta viðveru í Skógarbæ þrjá daga vikunnar og koma eftir þörfum aðra daga. Mögulegt er að fá tannlæknaþjónustu, en tannlæknir kemur að jafnaði einu sinni í viku og oftast ef óskað er. Hafa verður samráð við lækni eða hjúkrunarfræðing ef óskað er eftir að hjúkrunarheimilið greiði fyrir lyf eða aðra sérhæfða læknisþjónustu en þá sem í boði er í Skógarbæ.



Hárgreiðsla og fóttaaðgerðarstofa.

Hárgreiðsla og aðra hársnyrtingu, sem og fóttaaðgerðir og handsnyrtingu er hægt að panta í Skógarbæ. Fyrir þá þjónustu þarf að greiða sérstaklega.

Þátttaka í dvalarkostnaði.

Í samræmi við lög falla lífeyristekjur frá TR niður þegar hinn aldraði flyst á hjúkrunarheimili en hægt er að sækja um vasapeninga frá TR, sem er um 28 þús.kr. án skerðingar. Hafi heimilismenn tekjur frá lífeyrissjóði umfram 51.319 kr. eftir skatt, taka þeir þátt í dvalarkostnaði í samræmi við reglur TR. Heimilismenn fá tilkynningu frá Skógarbæ þegar mat um greiðsluþátttöku frá TR liggur fyrir.

Skemmtanir.


Skógarbær stendur fyrir ýmsum uppákomum eins og aðstandendakaffi á haustdögum, jólaskemmtun og upplestri á aðventu, þorrablóti, vorfagnaði og á góðvirkisdögum er oft grillað yfir sumarið. Margt fleira er í boði en allar skemmtanir og uppákomur eru auglýstar sérstaklega.

Sálgæsla.



Prestar Seljakirkju í Breiðholti sjá um guðþjónustu í sal Félagsþjónustunnar í Skógarbæjar síðasta sunnudag í hverjum mánuði kl.16.00. Um jól, páska og aðra helgidaga eru einnig guðþjónustur sem eru auglýstar sérstaklega.

Djákni starfar í Skógarbæ og sér hann um samverustundir með sjúklingum og aðstandendum ef þess er óskað. Prestur eða djákni sjá um minningarstundir á deildum við andlát. Hægt er að fá viðtal við p r e s t a Seljakirkju.



Þagnarskylda.

Samkvæmt lögum hvílir þagnarskylda á öllu starfsfólki



Heimsóknartímar eru frjálssir en þar sem húsinu er lokað kl. 20.00 eru heimsóknargestir vinsamlega beðnir um að hringja á dyrabjöllu þeirrar hæðar sem þeir ætla á.

Sími Skógarbæjar er 510-2100 og er skiptiborðið opið frá kl. 08.00—16.00 alla virka daga en sjálfvirkur símsvari er eftir kl 16.00 virka daga og um helgar.

Forstjóri: Hrefna Sigurðardóttir
hrefna@skogar.is

Hjúkrunarforstjóri: Jónbjörg Sigurjónsdóttir
jonbjorg@skogar.is

Heimasíða Skógarbæjar.
<http://skogar.is/>

**Hjúkrunarheimilið Skógarbær Árskógum 2 Mjódd/Breiðholti
109 Reykjavík.**